

Vonbrigði Gröndals yfir mótlæti lífsins, yfir því að fá ekki notið sín, vera sífellt settur hjá og yfir tómlætinu sem honum fannst að sér og því sem hann afrekaði væri sýnt, hvíldu löngum þunglega á honum. Fúllyndi hans er við brugðið. En jafnframt var hann sá Íslendingur samtíma síns sem fyndnastur gat verið. Þó var skopskyni hans að því leyti áfátt að það náði ekki til hans sjálfs. Hann gat ekki skopast að sjálfum sér og var haldinn mikilli viðkvæmni fyrir eigin persónu. Af þeim toga voru margir árekstranna sem hann lenti í við samtíðarmenn sína. Andmæli þoldi hann illa og ritdómar komu við opna kviku í honum, væru þeir ekki eintómt lof.

Gröndal var ekki hugrakkur maður þegar hættur voru annars vegar, en að einu leyti var hann þó fíflidjarfur. Það var við að koma á framfæri hatrömmum skömmum og jafnvel persónulegum svívirðingum þegar honum fannst sér misboðið. Beitti hann þessu vopni því óvægilegar sem honum féll sjálfum öðrum sárar að verða fyrir því. Heift hans í garð einstakra manna gat orðið mikil, og athyglisvert er að þeir sem honum sinnaðist einna mest við höfðu áður verið vinir hans (Gísli Brynjúlfsson og Eiríkur Jónsson). Og hann gat breytt um skoðanir á málefnum eftir breyttu álitni á persónum, eins og í ljós kom þegar Jón Sigurðsson, sem hann dáði, snerist á sveif með konu sinni og ætlaði að spilla trúlofun hans. Um stefnufestu var því ekki að ræða, og ærið oft er hann ósamkvæmur sjálfum sér. En hann var jafnan sáttfús, ef um sættir var leitað og hæfilegur tími var liðinn. Þegar hann ritaði Dægradvöl hafði hann mörgum fyrirgefið, en alls ekki öllum. Sá hann þá ýmsa bresti sína, sem ef til vill höfðu dulist honum áður.

Þórður Edilonsson kveðst í eftirmála útgáfunnar 1923 aldrei hafa kynnst betri manni en tengdaföður sínum. „Ekki svo að skilja, að Gröndal hafi verið gallalaus, en kjarninn, innri maðurinn, var svo barnslega hreinn og góður, að ég veit þess ekki dæmi um aðra menn“. Þannig mælir sá sem gjörla mátti vita og yfirleitt var það svo um Gröndal að menn mátu hann því meira sem þeir þekktu hann betur.

Handritið sem landsbókasafnið keypti 1912 er nr. 1644, 4to. Það eru 12 stílabækur og skrifaðar blaðsíður 552. Á hverri síðu er stór spássía auð neðan við textann, ef ekki eru þar neðanmálsgreinar. Þarna mátti skjóta inn viðbótum eftir þörfum og augljóst er að margar neðanmálsgreinanna eru seinna til komnar en meginmálið. Fyrir kemur einnig að því sem þarna stendur er vísað í textann með grískum bókstöfum eða stjörnu. Skriftin er smá en áferðarfögur og hvergi sjást þreytumerki í beitingu pennans, nema í síðasta kaflanum. Þar er höndin ekki eins styrk og áður. Útstrikanir koma ekki fyrir en orðum sem fallið hafa niður er stundum bætt við ofan línu og vísað niður.

Heimildir ævisögunnar eru fyrst og fremst minni höfundarins sem er furðulega óbrigðult, einkum varðandi nöfn þess mikla fjölda sem fyrir kemur. Almanök hans með minnisgreinum hafa orðið honum til stuðnings þann tíma sem þau og ævisagan urðu samferða en bréf notar hann lítið. Eru almanökin varðveitt í Lbs. 2101, 8vo og ná yfir árin 1863–74, 1876, 1879, 1881–1907. Misjafnt er eftir árum hversu mikið er í þau fært. Gröndal hefur oftast þann hátt á að hann festir inn í þau óskrifuð blöð og fær þannig auða síðu til umráða fyrir hvern mánuð.

Í fyrstu eru minnisgreinarnar fáorðar og strjálar en aukast með árunum. Fyrir koma þó tímabil að lítið sé við þær haft. En frá 1886 eru þær óslitnar og aukast mjög og verða að daglegri venju frá 1892, þegar innfærðu blöðin verða stærri en sjálf almanökin. Undir það síðasta eru þær ólesandi vegna titrings handarinnar, linnir þó ekki fyrr en örfáum dögum fyrir andlát Gröndals, en hann lést 2. ágúst 1907.

Veðurlýsingar sitja í fyrirrúmi síðustu þrjá áratuginna en allan tímann er getið um gesti sem koma, sagt frá skipakomum, bréfum sem berast og eru send, skuldum sem greiddar eru, afmælum og andlátum og mörgu fleiru sem varðar daglegt líf skrásetjarans.

Ritunartíma Dægradvalar ákvarðar Gröndal svo: „Ritað 1893–1894. Endað 28. september 1894.“ Þetta stendur í báðum gerðum ævisögunnar við lok þess kafla sem lýkur við heimkomuna 1874. Hreinritið ætti þó að vera síðar gert og tímasetningin komin í það úr uppkastinu. Þó má vera að Gröndal hafi gert báðar gerðirnar að einhverju leyti samhliða. Lokakaflinn er seinna skrifaður, á elliárum Gröndals, eftir að hann var orðinn veikur, að því er tengdasonur hans segir. Ber hann þess og merki.

Textinn í þessari útgáfu er orðréttur eftir handritinu en stafsetningu er oftast breytt til nútíðarhorfs. Mismunandi myndir sama orðs eru ekki samræmdar, og óvenjulegar orðmyndir eru látnar halda sér. Raðtölur tákna Gröndal ýmist með punkti eða tveimur bókstöfum aftan við töluna, en hér er eingöngu notaður punkturinn.

Umframtextar eldri útgáfunnar eru hér teknir upp til fróðleiks (bls. 299–305). Skáletruðu setningarnar úr þessari útgáfu eru til þess að sýna, hvar viðbæturnar eigi helst heima. Þó er þess að gæta að oft er hið skáletraða með öðru orðalagi í eldri gerðinni. Ennfremur eru þessir aukatextar ekki alltaf á samsvarandi stöðum í báðum gerðum, ef efnisskipun er önnur. Ekki eru teknar upp setningar úr eldri gerðinni, ef merkingin kemur fram í þeirri yngri, þótt með allt öðrum orðum sé.

Skýringar og athugasemdir fylgja þessari útgáfu (bls. 306–316), en hvortveggja er ófullnægjandi. Reynt er að leiðrétta ef rangt er farið með staðreyndir, svo sem ártöl og annað slíkt, en vörn fyrir einstaka menn er ekki að finna. Grísku lesa nú aðeins fáir útvaldir og latínu gleyma menn fljótt, þó að lært hafi. Í skýringunum er því þýtt það sem fyrir kemur á þessum málum en við aðrar tungur verða menn að glíma sjálfir.

Nafnaskráin er höfð eins ítarleg og tók voru á, því að lítil deili eru sögð á mörgum sem við sögu koma. Rækilegast er reynt að kynna skólapipta á Bessastöðum, Hafnarstúdenta, lærifeður Gröndals og samkennara. Leitað var í manntölum og kirkjubókum að föðurnöfnum allra sem þau skorti, svo að styrkjast mætti sá tilgangur Gröndals að gera kotakarlana í Eyvindarstaðahverfi og nesinu þar í kring ódauðlega með því að nefna þá í ævisögunni (sbr. bls. 301).

Sigfús Daðason hefur verið mér til aðstoðar við þessa útgáfu. Jakob Benediktsson gaf einnig góðar ábendingar, einkum varðandi skýringar.

Reykjavík 6. desember 1965

INGVAR STEFÁNSSON